

Ferðatryggingasjóður

Ársreikningur

2023

Ferðatryggingasjóður
Geirsgötu 9
101 Reykjavík
Kt. 640821-1750

Ferðatryggingasjóður

Ársreikningur

2023

Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda	2-3
Skýrsla stjórnar	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6-7
Yfirlit um sjóðstreymi	8
Skýringar	9-11

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Ferðatryggingasjóðs

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Ferðatryggingasjóðs fyrir árið 2023. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Ferðatryggingasjóðs á árinu 2023, efnahag hans 31. desember 2023 og breytingu á handbæru fé á árinu 2023 í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Ferðatryggingasjóði í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar á ársreikningnum

Stjórn er ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn er einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra anmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins er stjórn ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Ferðatryggingasjóðs. Ef við á, skal stjórn setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn hafi ákveðið að leysa sjóðinn upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra anmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Næganlega vissu er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær getu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegrri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft

Áritun óháðs endurskoðanda

- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem getu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að vikja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Bolungarvík, 21. maí 2024.

Endurskoðun Vestfjarða ehf.

Jón Þorgeir Einarsson
endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Ferðatryggingasjóður var stofnaður á árinu 2021. Sjóðurinn er sameiginlegur tryggingasjóður ferðaskrifstofa sem tryggir endurgreiðslur til ferðamanna við ógjaldfærni eða gjaldþrot seljanda pakkaferða. Ferðatryggingasjóður er sjálfseignarstofnun.

Ársreikningur Ferðatryggingasjóðs fyrir árið 2023 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Hagnaður Ferðatryggingasjóðs á árinu 2023 nam kr. 116.078.965. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir sjóðsins kr. 445.531.148 og er bókfært eigið fé í árslok jákvætt um kr. 439.765.642. Á árinu 2023 námu iðgjaldatekjur sjóðsins kr. 109.738.769 og stofngjöld til sjóðsins á árinu námu kr. 49.313.747.

Á árinu 2023 greiddu 382 ferðaskrifstofur iðgjöld til Ferðatryggingasjóðs og 107 ferðaskrifstofur greiddu stofngjöld til sjóðsins.

Fjórar stjórnarsýslukærur bárust menningar- og viðskiptaráðuneytinu á haustmánuðum 2023 vegna ákvarðana Ferðamálastofu um beitingu álags við ákvörðun um fjárhæð trygginga og iðgjalds. Kærendur fóru fram á frestun réttaráhrifa sem ráðuneytið féllst á. Þar sem niðurstöður kærumálanna liggja ekki fyrir greiddu kærendur ekki iðgjald til sjóðsins og munu ekki greiða fyrir en niðurstaða liggur fyrir. Hin kærdi iðgjöld eru því ekki meðal rekstrartekna sjóðsins og sjóðurinn hefur ekki fært varúðarfærslu vegna málanna.

Stjórn Ferðatryggingasjóðs leggur til að hagnaður ársins verði fluttur á næsta ár en vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé sjóðsins.

Það er álit stjórnar Ferðatryggingasjóðs að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu sjóðsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu. Stjórn Ferðatryggingasjóðs staðfestir hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2023 með undirritun sinni.

Reykjavík, 21. maí 2024

Í stjórn

Andri Björgvín Arnþórsson stjórnarformaður

Jóhann Tómas Sigurðsson meðstjórnandi

Rannveig Grétarsdóttir meðstjórnandi

Rekstrarreikningur 2023

	Skýr.	2023	2022
Rekstrartekjur.....	2	109.738.769	77.448.528
Tryggingarvernd.....	10	269.581	(3.000.000)
Laun og annar starfsmannakostnaður.....	3	(2.564.389)	(2.861.090)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður.....	4	(1.826.429)	(1.638.705)
Rekstrarhagnaður		105.617.532	69.948.733
Fjármunatekjur.....		13.412.093	1.026.045
Fjármagnsgjöld.....		(2.950.660)	(225.730)
	5	10.461.433	800.315
Hagnaður ársins		116.078.965	70.749.048

Efnahagsreikningur

Eignir

	Skýr.	31.12.2023	31.12.2022
Fastafjármunir			
Skuldabréfaeign	6	264.811.934	245.042.413
		<u>264.811.934</u>	<u>245.042.413</u>
Veltufjármunir			
Óinnheimt iðgjöld	7	905.853	5.568.031
Handbært fé		179.813.361	28.297.884
		<u>180.719.214</u>	<u>33.865.915</u>
Eignir		<u>445.531.148</u>	<u>278.908.328</u>

31. desember 2023

Eigið fé og skuldir

	Skýr.	31.12.2023	31.12.2022
Eigið fé			
Stofngjald		202.699.115	153.385.368
Óráðstafað eigið fé		237.066.527	120.987.562
Eigið fé	8	<u>439.765.642</u>	<u>274.372.930</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir	10	3.410.081	50.499
Fjármagnstekjuskattur	9	1.221.581	54.354
Aðrar skammtímaskuldir	10	1.133.844	4.430.545
		<u>5.765.506</u>	<u>4.535.398</u>
Skuldir		<u>5.765.506</u>	<u>4.535.398</u>
Eigið fé og skuldir		<u><u>445.531.148</u></u>	<u><u>278.908.328</u></u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2023

	Skýr.	2023	2022
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarhagnaður		105.617.532	69.948.733
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta		<u>105.617.532</u>	<u>69.948.733</u>
Aðrar rekstartengdar eignir, lækkun, (hækkun)		4.662.178	(1.600.169)
Rekstartengdar skuldir, hækkun		62.881	3.053.859
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		<u>110.342.591</u>	<u>71.402.423</u>
Innborgaðir vextir		1.166.671	(29.660)
Greiddur fjármagnstekjuskattur		(1.783.433)	(390.646)
Handbært fé frá rekstri		<u>109.725.829</u>	<u>70.982.117</u>
Fjárfestingahreyfingar			
Keypt/seld skuldabréf		(26.478.554)	(124.273.003)
Afborganir skuldabréfa		18.954.455	3.735.182
		<u>(7.524.099)</u>	<u>(120.537.821)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Innborgað stofnfé		49.313.747	15.747.260
		<u>49.313.747</u>	<u>15.747.260</u>
Hækkun, (lækkun) handbærs fjár		151.515.477	(33.808.444)
Handbært fé í upphafi árs		28.297.884	62.106.328
Handbært fé í lok árs		<u>179.813.361</u>	<u>28.297.884</u>

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Ferðatryggingasjóðs fyrir árið 2023 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum að öðru leyti en því að verðbréf eru færða á markaðsverði. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Verðbréfaeign sjóðsins er færð á markaðsverði.

Viðskiptaþóknar eru færðar til lækkunar vaxtatekjum, verðbótum og gengismun en umsýsluþóknun fyrir eignastýringu og vörsluþóknun eru færðar sem sérstakur liður meðal gjalda.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

2. Iðgjöld

Samkvæmt lögum nr. 95/2018 um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun greiða seljendur pakkaferða og samtengdrar ferðatilhögunar árleg iðgjöld til Ferðatryggingasjóðs sem er ákveðið af stjórn Ferðatryggingasjóðs eigi síðar en 1. júlí ár hvert. Á árinu 2023 námu iðgjöldin kr. 109.738.769.

3. Laun og annar starfsmannakostnaður

	2023	2022
Stjórnarlaun	2.150.000	2.400.000
Lífeyrissjóður	259.250	288.000
Tryggingagjald	152.989	170.690
Önnur launatengd gjöld	2.150	2.400
	<u>2.564.389</u>	<u>2.861.090</u>

4. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

	2023	2022
Aðkeypt bókhald, reikningsskil og endurskoðun	1.147.930	1.156.378
Eignastýringa- og vörsluþóknun	676.299	482.327
Annar kostnaður	2.200	
	<u>1.826.429</u>	<u>1.638.705</u>

Skýringar

5. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur greinast þannig:	2023	2022
Vaxtatekjur af bankainnstæðum	1.419.435	63.405
Vaxtatekjur og verðbótahækkun af skuldabréfaeign	11.992.658	962.640
	<u>13.412.093</u>	<u>1.026.045</u>
Fjármagnsgjöld greinast þannig:		
Fjármagnstekjuskattur	(2.950.660)	(225.730)
	<u>(2.950.660)</u>	<u>(225.730)</u>
	<u>10.461.433</u>	<u>800.315</u>

6. Skuldabréfaeign og aðrar langtímakröfur

	2023	2022
Staða í ársbyrjun	245.042.413	123.448.887
Keypt á árinu	26.478.554	130.563.596
Selt á árinu	0	(6.290.593)
Afborganir á árinu	(18.954.455)	(3.735.182)
Verðbreytingar	12.245.422	1.055.705
Staða í árslok	<u>264.811.934</u>	<u>245.042.413</u>

Skuldabréfin eru ríkisskuldabréf og í vörslu Arion banka hf.

7. Aðrar peningalegar eignir

Viðskiptakröfur	31.12.2023	31.12.2022
Innlendar viðskiptakröfur	905.853	5.568.031
	<u>905.853</u>	<u>5.568.031</u>

8. Eigið fé

	Stofngjöld	Óráðstafað eigið fé	Alls
Eigið fé 1.1.2022	137.638.108	50.238.514	187.876.622
Ný stofngjöld	15.747.260	0	15.747.260
Hagnaður ársins		70.749.048	70.749.048
Eigið fé 1.1.2023	153.385.368	120.987.562	274.372.930
Ný stofngjöld	49.313.747	0	49.313.747
Hagnaður ársins		116.078.965	116.078.965
Eigið fé 31.12.2023	<u>202.699.115</u>	<u>237.066.527</u>	<u>439.765.642</u>

Samkvæmt lögum nr. 95/2018 um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun greiða nýir seljendur pakkaferða og samtengdrar ferðatilhögunar stofngjöld til Ferðatryggingasjóðs sem reiknast 1,5% af grunntryggingarfjárhæð. Á árinu 2023 námu stofngjöldin kr. 49.313.747. Stofngjöldin eru óendurkræf.

Skýringar

9. Fjármagnstekjuskattur

Fjármagnstekjuskattur af hagnaði verðbréfa er færður til gjalda og skuldar í árslok. Sá hluti fjármagnstekjuskatts sem er vegna óinnleysts hagnaðar verðbréfa í árslok myndar skuldbindingu.

10. Aðrar peningalegar skuldir

Aðrar skammtímaskuldir

	31.12.2023	31.12.2022
Ógreidd laun og launatengd gjöld	1.133.844	1.430.545
Áætluð skuld vegna tryggingaverndar	0	3.000.000
	<u>1.133.844</u>	<u>4.430.545</u>